



# HRUNAMANNAHREPPUR

## 48. FUNDUR SVEITARSTJÓRNAR

### KJÖRTÍMABILIÐ 2014 – 2018 4. FUNDUR ÁRSINS

### VAR HALDINN MIÐVIKUDAGINN 11. APRÍL 2018

### KL. 14.00 Í RÁÐHÚSINU FLÚÐUM

Árið 2018, þann 11. apríl kom sveitarstjórn Hrunamannahrepps saman til fundar kl. 14:00 í Ráðhúsi hreppsins á Flúðum. Eftirtaldir sátu fundinn: Halldóra Hjörleifsdóttir, Unnsteinn Logi Eggertsson, Sigurður Sigurjónsson, Kolbrún Haraldsdóttir, Bjarney Vignisdóttir og Jón G. Valgeirsson sveitarstjóri, sem skráði fundargerð. Halldóra setti fund og stjórnaði honum. Hún bauð fundarmenn velkomna og óskaði eftir athugasemdum við fundarboð. Engar athugasemdir voru gerðar. Oddviti óskaði eftir að taka fyrir eitt mál, fundargerð 154. fundar skipulagsnefndar frá 10. apríl s.l. Sveitarstjórn samþykkir að leggja erindið fram.

#### **Erindi til sveitarstjórnar:**

1. Hrunaljós: Ársreikningur 2017.  
-liggur frammi á fundinum-
2. Ársreikningur 2017: Fyrri umræða.  
-liggur frammi á fundinum-
3. KPMG: Endurskoðunarskýrsla 2017.  
-liggur frammi á fundinum-
4. Sýslumaðurinn á Suðurlandi: Umsagnarbeiðni um rekstarleyfi vegna Unnarholtskots III.
5. Velferðarnefnd Alþingis: Umsagnarbeiðni um frumvarp til laga um heilbrigðisþjónustu.
6. Allsherjar- og menntamálanefnd Alþingis: Umsagnarbeiðni um tillögu til þingsályktunar um aðgengi að stafrænum smíðjum.
7. Allsherjar- og menntamálanefnd Alþingis: Umsagnarbeiðni um frumvarp til laga um Þjóðskrá Íslands.
8. Umhverfis- og samgöngunefnd Alþingis: Umsagnarbeiðni um tillögu til þingsályktunar um skiptingu útsvarstekna milli sveitarfélaga.
9. Umhverfis- og samgöngunefnd Alþingis: Umsagnarbeiðni um frumvarp til laga um breytingu á ýmsum lögum á sviði samgöngu- fjarskipta- sveitarstjórna- og byggðamála.
10. Allsherjar- og menntamálanefnd Alþingis: Umsagnarbeiðni um frumvarp til laga um lögheimili og aðsetur.
11. Allsherjar- og menntamálanefnd Alþingis: Umsagnarbeiðni um frumvarp til laga um jafna meðferð á vinnumarkaði.
12. Samband íslenskra sveitarfélaga: Frumvarp til laga um persónuvernd.
13. Varasjóður húsnæðismála: Greining á rekstrarumhverfi leiguíbúða sveitarfélaga.
14. Foreldrafélag Flúðaskóla: Styrkbeiðni vegna samstarfsverkefnis foreldrafélaga.
15. Samningur um hreinsun gatna á Flúðum.
16. Samningur um hálkuvarnir og snjómokstur á Flúðum.
17. Matur fyrir eldri borgara. Gjaldskrármál.
18. Grendargámasvæði í Langholtsfjalli. Erindi.
19. Kluftir. Bygging einbýlishús.
20. Friðlýsing Kerlingarfjalla. Fundargerð vegna undirbúnings að frá 15. febrúar s.l.
21. Trog ehf: Samningar um tjaldsvæðislóðir.  
-liggur frammi á fundinum-
22. Næsti fundur sveitarstjórnar.

#### **Fundargerðir v. nefnda Hrunamannahrepps:**

23. Skólanefnd: Fundargerð 20. fundar nefndarinnar vegna Flúðaskóla frá 15. mars s.l
24. Skólanefnd: Fundargerð 20. fundar nefndarinnar vegna Undralands frá 15. mars s.l
25. Skólanefnd: Fundargerð 7. fundar nefndarinnar vegna Æskulýðsmála frá 15. mars s.l

26. Veitustjórn: Fundargerð 23. fundar nefndarinnar frá 21. mars s.l.

**Fundargerðir v. samstarfs uppsveita Árnassýslu:**

27. Fundargerð 153. fundar skipulagsnefndar frá 21. mars s.l. og afgreiðsla byggingafulltrúa frá 14. mars s.l.

Mál nr. 11. Hvammur 1, gróðurhús.

Mál nr. 12. Berghylur. Deiliskipulag.

Mál nr. 24: Afgreiðslur byggingafulltrúa.

28. Stjórn UTU bs: Fundargerð 51. fundar stjórnar frá 15. mars 2018.

29. Skólaþjónusta og velferðarnefnd Árneshvíls: Fundargerð 26. fundar frá 6. mars s.l.

30. NOS: Fundargerð NOS frá 20. mars s.l.

31. Afréttarmál: Fundur vegna endurskoðunar á fjallskilasamþykkt Árnassýslu frá 23. mars. s.l.

**Fundargerðir v. samvinnu sunnlenskra sveitarfélaga:**

a. Sorpstöð Suðurlands: Fundargerð 264. fundar stjórnar frá 6. mars s.l.

b. BÁ: Fundargerð 20. fundar stjórnar frá 2. febrúar s.l.

c. BÁ: Fundargerð 21. fundar stjórnar frá 23. mars s.l.

d. Heilbrigðisnefnd Suðurlands: Fundargerð 185. fundar stjórnar frá 22. mars s.l.

e. AÁ: Fundargerð framkvæmdaráðs AÁ frá 23. mars s.l.

f. Héraðsskjalasafn Árneshvíls: Fundargerð stjórnar frá 14. febrúar s.l.

g. Byggðasafn Árneshvíls: Fundargerð 15. fundar stjórnar frá 19. febrúar s.l.

**Kynningarmál:**

h. Samband Íslenskra sveitarfélaga: Fundargerð 858. fundar stjórnar frá 23. mars. s.l.

i. SASS: Fundur sveitarstjórna með þingmönnum Suðurlands.

j. HSK: Ályktanir frá 96. Héraðsþingi HSK frá 10. mars. s.l.

k. Ársreikningur Kerlingarfjallavina 2017.

l. Brunabót: Styrktarsjóður EBÍ 2018.

m. Laugaráslæknishérað: Ársreikningur 2017.

n. Samband Íslenskra sveitarfélaga: Fundargerð fundar lögfræðingahóps um persónuvernd.

o. Samband Íslenskra sveitarfélaga: Fundargerð fundar tengiliðahóps um opinber innkaup.

p. Berggrísinn: Leiðrétting á framlögum sveitarfélaga til Berggrísans vegna 2017.

q. Reiðhöllin Flúðum: Aðalfundur.

r. Stóra-Laxárdeild Veiðifélags Árneshvíls: Ársreikningur 2017.

**Fundir framundan:**

s. Héraðsnefnd Árneshvíls. Vorfundur 30. apríl n.k.

**Skýrslur á skrifstofu:**

t. HSK: Ársskýrsla 2017.

u. Ársskýrsla Lánasjóðs sveitarfélaga 2017.

**Gengið til dagskrár:**

**Erindi til sveitarstjórnar:**

**1. Hrunaljós: Ársreikningur 2017.**

Fyrir liggur ársreikningur Hrunaljóss fyrir árið 2017. Auðunn Guðjónsson, endurskoðandi KPMG, mætti á fundinn undir þessum lið og fór yfir helstu kennitölur reikningsins. Árið 2017 er fyrsta rekstrarár Hrunaljóss og ber þess merki að starfsemin er skammt á veg komin. Nettófjárfesting ársins var um 20 milljónir og skilaði reksturinn neikvæðri afkomu sem nemur kr. 311.314. Eftir yfirferð, umræður og spurningar var reikningurinn samþykktur samhljóða af sveitarstjórn og undirritaður.

**2. Ársreikningur 2017: Fyrri umræða.**

Auðunn Guðjónsson, endurskoðandi KPMG, mætti á fundinn undir þessum lið. Lagður var fram ársreikningur Hrunamannahrepps fyrir árið 2017, ásamt sundurliðunum, til fyrri umræðu. Auðunn Guðjónsson endurskoðandi, kynnti helstu kennitölur ársreikningsins og svaraði fyrirspurnum. Afgreiðsla vísað til næsta fundar sveitarstjórnar.

**3. KPMG: Endurskoðunarskýrsla 2017.**

Auðunn Guðjónsson, endurskoðandi KPMG fór yfir framlagða endurskoðunarskýrslu KPMG fyrir árið 2017.

4. **Sýslumaðurinn á Suðurlandi: Umsagnarbeiðni um rekstrarleyfi vegna Unnarholtskots 3.**

Oddviti kynnti umsagnarbeiðni frá Sýslumanninum á Suðurlandi vegna umsóknar um rekstrarleyfi til sölu gistingar að Unnarholtskoti 3. Í gildandi aðalskipulagi Hrunamannahrepps kemur eftirfarandi fram:

Heimilt er, þar sem er föst ábúð, að starfrækja rekstur á landbúnaðarsvæðum sem ekki tengist beint landbúnaðarframleiðslu. Markmiðið er að gefa kost á bættri nýtingu húsakosts og styrkja byggð í dreifbýli. Nýta má byggingar á býlum með viðbótum og/eða breytingum, án þess að breyta þurfi aðalskipulagi. Einkum er horft til starfsemi í tengslum við ferðapjónustu, greiðasölu, afurðasölu eða léttan iðnað sem fellur vel að landbúnaðarstarfsemi.

Heimilt er á landi í ábúð, þar sem aðstæður leyfa, að hafa sérhæfðar byggingar fyrir aðra atvinnustarfsemi, s.s. smiðju, verkstæði, gistiheimili, verslun, smáhýsi og/eða byggingar fyrir veitingarekstur, svo fremi sem heildarstærð slíkra bygginga fari ekki yfir 1.000 m<sup>2</sup>. Umfangsmeiri rekstur verður einungis heimilaður á svæðum sem eru skilgreind sérstaklega fyrir atvinnustarfsemi í aðalskipulagi, s.s. afþreyingar- og ferðamannasvæði, verslunar- og þjónustusvæði, athafna- eða iðnaðarsvæði. Í einhverjum tilfellum er heimilt að reisa stök mannvirki á landbúnaðarsvæðum án þess að breyta þurfi aðalskipulagi, eins og lýst er nánar í kafla 2.2.8.

Þá liggur einnig fyrir ákvörðun Vegagerðarinnar frá 6. nóvember s.l. þar sem vegur að Unnarholtskoti 3 nr. 3475 er tekinn af vegaskrá sem héraðsvegur þar sem ekki er föst búseta eða lögheimili að Unnarholtskoti 3.

Einnig liggur fyrir ákvörðun byggingarfulltrúa Umhverfis- og tæknisviðs Uppsveita bs. dags. 15. mars s.l. þar sem umsókn um rekstrarleyfi til gistingar er hafnað þar sem slík starfsemi samrýmist ekki aðalskipulagi enda ekki föst ábúð á landinu. Sveitarstjórn telur að þar sem ekki sé föst ábúð eða lögheimili í Unnarholtskoti 3 samrýmist það ekki gildandi aðalskipulagi Hrunamannahrepps að heimila rekstur gististaðar í Unnarholtskoti 3. Að auki verður að teljast varhugavert að heimila rekstur gististaðar þar sem vegur að viðkomandi fasteign hefur verið felldur úr vegaskrá og njóti þá ekki þjónustu sem slíkur, bæði vegna viðhalds og vetrarþjónustu. Sveitarstjórn hafnar því beiðninni.

5. **Velferðarnefnd Alþingis: Umsagnarbeiðni um frumvarp til laga um heilbrigðisþjónustu.**

Oddviti kynnti umsagnarbeiðni frá Velferðarnefnd Alþingis um frumvarp til laga um heilbrigðisþjónustu.

6. **Allsherjar- og menntamálanefnd Alþingis: Umsagnarbeiðni um tillögu til þingsályktunar um aðgengi að stafrænum smiðjum.**

Oddviti kynnti umsagnarbeiðni frá Allsherjar- og menntamálanefnd Alþingis um tillögu til þingsályktunar um aðgengi að stafrænum smiðjum.

7. **Allsherjar- og menntamálanefnd Alþingis: Umsagnarbeiðni um frumvarp til laga um Þjóðskrá Íslands.**

Oddviti kynnti umsagnarbeiðni frá Velferðarnefnd Alþingis um frumvarp til laga um Þjóðskrá Íslands.

8. **Umhverfis- og samgöngunefnd Alþingis: Umsagnarbeiðni um tillögu til þingsályktunar um skiptingu útsvarstekna milli sveitarfélaga.**

Oddviti kynnti umsagnarbeiðni frá Umhverfis- og samgöngunefnd Alþingis um tillögu til þingsályktunar um skiptingu útsvarstekna milli sveitarfélaga.

9. **Umhverfis- og samgöngunefnd Alþingis: Umsagnarbeiðni um frumvarp til laga um breytingu á ýmsum lögum á sviði samgöngu- fjarskipta- sveitarstjórna- og byggðamála.**

Oddviti kynnti umsagnarbeiðni frá Umhverfis- og samgöngunefnd Alþingis um frumvarp til laga um breytingu á ýmsum lögum á sviði samgöngu- fjarskipta- sveitarstjórna og byggðamála.

10. **Allsherjar- og menntamálanefnd Alþingis: Umsagnarbeiðni um frumvarp til laga um lögheimili og aðsetur.**

Oddviti kynnti umsagnarbeiðni frá Allsherjar- og menntamálanefnd Alþingis um frumvarp til laga um lögheimili og aðsetur.

11. **Allsherjar- og menntamálanefnd Alþingis: Umsagnarbeiðni um frumvarp til laga um jafna meðferð á vinnumarkaði.**

Oddviti kynnti umsagnarbeiðni frá Allsherjar- og menntamálanefnd Alþingis um frumvarp til laga um jafna meðferð á vinnumarkaði.

12. **Samband íslenskra sveitarfélaga: Frumvarp til laga um persónuvernd.**  
Oddviti kynnti erindi frá Sambandi íslenskra sveitarfélaga vegna umsagna um frumvarp til laga um persónuvernd. Þá liggur einnig fyrir umsögn Sambands íslenskra sveitarfélaga um frumvarpið og kostnaðarmat. Sveitarstjórn tekur undir athugasemdir Sambandsins og telur ekki raunhæft að hægt sé að innleiða slíkar reglur með svo stuttum fyrirvara.
13. **Varasjóður húsnæðismála: Greining á rekstrarumhverfi leiguíbúða sveitarfélaga.**  
Oddviti kynnti skýrslu um rekstrarumhverfi leiguíbúða sveitarfélaga. Sveitarstjórn felur sveitarstjóra að koma á framfæri réttum forsendum hvað varðar fjölda leiguíbúða.
14. **Foreldrafélag Flúðaskóla: Styrkbeiðni vegna samstarfsverkefnis foreldrafélaga.**  
Oddviti kynnti beiðni um styrk frá Foreldrafélagi Flúðaskóla vegna samstarfs foreldrafélaga til að standa straum að sameiginlegum fyrirlestri Foreldrasveitarinnar. Sveitarstjórn samþykkir að veita umbeðinn styrk kr. 50.000 vegna verkefnisins sem færast af lykli 0481.
15. **Samningur um hreinsun gatna á Flúðum.**  
Oddviti kynnti endurnýjun á samningi til þriggja ára við Fögrusteina ehf um hreinsun gatna í þéttbýlinu á Flúðum. Sveitarstjórn samþykkir samninginn og felur sveitarstjóra að undirrita hann.
16. **Samningur um hálkuvarnir og snjómokstur á Flúðum.**  
Oddviti kynnti endurnýjun á samningi til þriggja ára við Fögrusteina um snjómokstur og hálkueyðingu í þéttbýlinu á Flúðum. Sveitarstjórn samþykkir samninginn og felur sveitarstjóra að undirrita hann.
17. **Matur fyrir eldri borgara. Gjaldskrármál.**  
Oddviti kynnti beiðnir sem hafa komið fram um heimsendingu á mat til eldri borgara sem búa margir hverjir fyrir utan þéttbýlið á Flúðum. Sveitarstjórn samþykkir að taka upp í tilraunarskyni heimsendingu á mat í sveitarfélaginu og samhliða gjald á heimsendingu á mat þannig að að viðkomandi greiði kr. 75 á hvern ekin km frá mótuneyti Flúðaskóla. Sú gjaldskrá gildir fyrir alla þjónustuþega nema íbúa Heimalands. Gjaldskráin myndi taka gildi 1. maí n.k. og verður endurskoðuð við vinnu við næstu fjárhagsáætlunargerð.
18. **Grenndargámasvæði í Langholtsfjalli. Erindi.**  
Oddviti kynnti erindi landeiganda í Langholtsfjalli vegna grenndargáma í Langholtsfjalli en farið er fram að þeir verði fjarlægðir eða færðir vegna slæmrar umgengni o.fl. Sveitarstjórn tekur undir að umgengni við grenndargáma í Langholtsfjalli hefur verið ábótavant í gegn um tíðina og mjög algengt er að annar úrgangur en heimilisúrgangur sé settur í eða við gámana. Sveitarstjórn felur sveitarstjóra að skoða möguleika að bæta merkingar og skoða aðra kosti við staðsetningu eða sameiningu grenndargámastöðva.
19. **Kluftir. Bygging einbýlishúss.**  
Oddviti kynnti upplýsingar og greinargerð varðandi umsókn um leyfi til byggingar heilsárshúss/íbúðarhúss á Kluftum.  
Í umsókninni kemur fram að gert sé ráð fyrir að sorp verði flutt á gámasvæði á Flúðum og vegtenging verði á núverandi slóða upp að Kluftum í gegnum Kaldbaksland. Ljóst er við skoðun að núverandi vegtenging uppfyllir ekki skilyrði þess að vera heilsársvegur og að vissra úrbóta sé þörf til að hægt sé að sinna að fullu þjónustu við heilsársbúsetu að Kluftum.  
Sveitarstjórn samþykkir byggingu heilsárshúss/íbúðarhúss á Kluftum með þeirri staðsetningu sem fram kemur á afstöðumynd með þeim skilyrðum að sveitarfélaginu sé ekki gert skylt að sinna sorphirðu, skólaakstri eða annarri þjónustu sem þarf mögulega að sinna á heilsársgrundvelli fyrr en núverandi slóði hefur verið byggður upp sem vegur skv. stöðlum Vegagerðarinnar.
20. **Friðlýsing Kerlingarfjalla. Fundargerð vegna undirbúnings að friðlýsingu Kerlingarfjalla frá 15. febrúar s.l.**  
Oddviti kynnti fundargerð vegna undirbúnings að friðlýsingu Kerlingarfjalla frá 15. febrúar s.l sem fulltrúar Hrunamannahrepps og Skeiða- og Gnúpverjahrepps áttu með Umhverfisstofnun.

**21. Trog ehf: Samningar um tjaldsvæðislóðir.**

Oddviti kynnti annars vegar að nýju viðauka við samning um rekstur og uppbyggingu tjaldsvæðis frá Flúðum og hins vegar kaupsamning milli Trogs ehf og Nónás ehf um kaup á lóðinni Gröf 4, Hrunamannahreppi. Sveitartjórn samþykkir viðauka samning um rekstur og uppbyggingu tjaldsvæðis á Flúðum og fellur jafnframt frá forkaupsrétti að lóðinni Gröf 4 og felur sveitarstjóra að undirrita viðkomandi samninga.

**22. Næsti fundur sveitarstjórnar.**

Ákveðið að næsti fundur sveitarstjórnar verði miðvikudaginn 9. maí kl. 14:00 í ráðhúsinu á Flúðum. Þá er ákveðið að halda íbúafund til að kynna ársreikning Hrunamannahrepps 2017 mánudaginn 14. maí kl. 20:00 í Félagsheimilinu.

**Fundargerðir v. nefnda Hrunamannahrepps:**

**23. Skólanefnd: Fundargerð 20. fundar nefndarinnar vegna Flúðaskóla frá 15. mars s.l**

Oddviti kynnti fundargerð 20. fundar skólanefndar vegna Flúðaskóla. Farið var yfir skýrslu skólastjóra, reksturinn á síðasta ári, kynnt vinna vegna persónuverndarmála og Pisa könnun. Þá var farið yfir leyfismál starfsmanna en m.a. hefur skólastjóri beðið um launalaust leyfi í eitt ár. Sveitarstjórn samþykkir fundargerðina.

**24. Skólanefnd: Fundargerð 20. fundar nefndarinnar vegna Undralands frá 15. mars s.l**

Oddviti kynnti fundargerð 20. fundar skólanefndar vegna Undralands. Farið var yfir skýrslu skólastjóra, farið yfir rekstur síðasta árs og undanþágur fyrir vistun 12 mánaða barna. Sveitarstjórn samþykkir fundargerðina.

**25. Skólanefnd: Fundargerð 7. fundar nefndarinnar vegna Æskulýðsmála frá 15. mars s.l**

Oddviti kynnti fundargerð 7. fundar skólanefndar vegna æskulýðsmála. Farið var yfir skýrslu forstöðumanns og farið yfir rekstur síðasta árs. Sveitarstjórn samþykkir fundargerðina.

**26. Veitustjórn: Fundargerð 23. fundar nefndarinnar frá 21. mars s.l.**

Oddviti kynnti fundargerð 23. fundar frá 21. mars s.l. Lagður var fram ársreikningur Hitaveitu Flúða fyrir árið 2017, farið yfir rekstrarniðurstöður vatnsveitu og fráveitu, lögð fram drög að ársreikningi Hrunaljóss, fjallað um endurnýjun rennismæla, lagningu ljósleiðara og Kópsvatnsholuna. Sveitarstjórn samþykkir fundargerðina.

**Fundargerðir v. samstarfs uppsveita Árnassýslu:**

**27. Fundargerð 153. fundar skipulagsnefndar frá 21. mars s.l. og afgreiðsla byggingafulltrúa frá 14. mars s.l.**

Oddviti kynnti fundargerð 153. fundar skipulagsnefndar frá 21. mars s.l. og afgreiðslur byggingafulltrúa frá 14. mars s.l. Afgreiðslur einstakra mála sem varðar Hrunamannahrepp eru eftirfarandi:

**Mál nr. 11. Hvammur 1, gróðurhús.**

Lögð fram umsókn eiganda Hvamms um stækkun á lóðinni Hvammur 1 landnr. 223753 um 294,1m<sup>2</sup> og kemur stækkunin úr landi Hvamms 1, landnr. 16771.

Sveitarstjórn gerir ekki athugasemd við afgreiðslu skipulagsnefndar og samþykkir stækkun lóðarinnar og ekki er gerð athugasemd við landskipti skv. 13. gr. jarðalaga.

**Mál nr. 12. Berghylur. Deiliskipulag.**

Lögð fram umsókn um deiliskipulag fyrir bæjartorfu Berghyls. Skv. deiliskipulagstillögunni eru afmarkaðar 5 lóðir fyrir smáhýsi, ein íbúðarhúsaloð, lóð fyrir gripahús og lóð fyrir vélageymslu.

Sveitarstjórn gerir ekki athugasemd við afgreiðslu skipulagsnefndar og samþykkir að tillagan verði auglýst skv. 1. mgr. 41. gr. skipulagslaga nr. 123/2010 með fyrirvara um að fram komi hámarksstærð smáhýsa og að tilgreind séu heiti lóða í samræmi við reglugerð um skráningu mannvirkja.

**Mál nr. 24: Afgreiðslur byggingafulltrúa.**

Lagðar fram til kynningar afgreiðslur byggingafulltrúa frá 14. mars s.l.

28. **Stjórn UTU bs: Fundargerð 51. fundar stjórnar frá 15. mars 2018.**  
Oddviti kynnti fundargerð 51. fundar stjórnar UTU bs. Þar var fjallað um starfsmannamál. Þar kom fram tillaga um að Berglind Sigurðardóttir verði ráðin skipulagsfulltrúi UTU bs. Sveitarstjórn staðfestir fundargerðina
29. **Skólaþjónustu og velferðarnefnd Árneshöfnings: Fundargerð 26. fundar frá 6. mars s.l.**  
Oddviti kynnti fundargerð 26. fundar skólaþjónustu- og velferðarnefndar. Þar var m.a. fjallað um bréf frá barnaverndarstofu um breytingar á verklagi varðandi umsagnir um fóstur, lagt fram bréf frá barnaverndarstofu um upplýsingar um úrræði skv. 84. gr. barnaverndarlaga og fjallað um kynningarfund með nýrri skólaþjónustu- og velferðarnefnd að aflokun sveitarstjórnarkosningum. Sveitarstjórn staðfestir fundargerðina.
30. **NOS: Fundargerð NOS frá 20. mars s.l.**  
Oddviti lagði fram fundargerðina. Þar var tekinn fyrir ársreikningur 2017 fyrir Skóla- og velferðarþjónustu Árneshöfnings, rætt um ART verkefnið og önnur mál. Sveitarstjórn samþykkir fundargerðina.
31. **Afréttarmál: Fundur vegna endurskoðunar á fjallskilasamþykkt Árneshöfnings frá 23. mars s.l.**  
Oddviti kynnti fundargerð frá 23. mars s.l. vegna fundar sveitarfélagana sem standa að fjallskilasamþykkt Árneshöfnings. Sveitarstjórn staðfestir fundargerðina.

#### **Önnur mál:**

32. **Fundargerð 154. fundar skipulagsnefndar frá 10. apríl s.l. og afgreiðsla byggingafulltrúa frá 4. apríl s.l.**  
Oddviti kynnti fundargerð 154. fundar skipulagsnefndar frá 10. apríl s.l. og afgreiðslur byggingarfulltrúa frá 4. apríl s.l. Afgreiðslur einstakra mála sem varðar Hrunamannahrepp eru eftirfarandi:  
**Mál nr. 26. Unnarholtskot 1. Breyting á heiti jarðar.**  
Lögð fram umsókn landeiganda um breytingu á heiti landeignarinnar Unnarholtskots 1, landnr. 166837 í Krika.  
Sveitarstjórn samþykkir að breyta heiti landeignarinnar í Krika.  
**Mál nr. 27. Hrepphópar. Umsókn um byggingarleyfi fyrir starfsmannahús.**  
Lögð fram umsókn eiganda Hrepphóla um leyfi til að byggja 68,9m<sup>2</sup> íbúðarhús á landi Hrepphóla lnr. 166767.  
Sveitarstjórn gerir ekki athugasemd við afgreiðslu skipulagsnefndar og gerir ekki athugasemdir við byggingu íbúðarhúss í samræmi við umsókn með fyrirvara um niðurstöðu grenndarkynningar fyrir eigendum aðliggjandi jarðar og umsögn Minjastofnunar Íslands.  
**Mál nr. 28: Afgreiðslur byggingarfulltrúa.**  
Lagðar fram fram til kynningar afgreiðslur byggingafulltrúa frá 4. apríl s.l.

#### **Fundargerðir v. samvinnu sunnlenskra sveitarfélaga:**

- a. **Sorpstöð Suðurlands: Fundargerð 264. fundar stjórnar frá 6. mars s.l.**  
Lagt fram til kynningar.
- b. **BÁ: Fundargerð 20. fundar stjórnar frá 2. febrúar s.l.**  
Lagt fram til kynningar.
- c. **BÁ: Fundargerð 21. fundar stjórnar frá 23. mars s.l.**  
Lagt fram til kynningar.
- d. **Heilbrigðisnefnd Suðurlands: Fundargerð 185. fundar stjórnar frá 22. mars s.l.**  
Lagt fram til kynningar.
- e. **AÁ: Fundargerð framkvæmdaráðs AÁ frá 23. mars s.l.**  
Lagt fram til kynningar.
- f. **Héraðsskjalasafn Árneshöfnings: Fundargerð stjórnar frá 14. febrúar s.l.**  
Lagt fram til kynningar.
- g. **Byggðasafn Árneshöfnings: Fundargerð 15. fundar stjórnar frá 19. febrúar s.l.**  
Lagt fram til kynningar.

**Kynningarmál:**

- h. Samband íslenskra sveitarfélaga: Fundargerð 858. fundar stjórnar frá 23. mars. s.l.**  
Lagt fram til kynningar.
- i. SASS: Fundur sveitarstjórna með þingmönnum Suðurlands.**  
Lagt fram til kynningar.
- j. HSK: Ályktanir frá 96. Héraðsþingi HSK frá 10. mars. s.l.**  
Lagt fram til kynningar.
- k. Ársreikningur Kerlingarfjallavina 2017.**  
Lagt fram til kynningar.
- l. Brunabót: Styrktarsjóður EBÍ 2018.**  
Lagt fram til kynningar.
- m. Laugaráslæknishérað: Ársreikningur 2017.**  
Lagt fram til kynningar.
- n. Samband íslenskra sveitarfélaga: Fundargerð fundar lögfræðingahóps um persónuvernd.**  
Lagt fram til kynningar.
- o. Samband íslenskra sveitarfélaga: Fundargerð fundar tengiliðahóps um opinber innkaup.**  
Lagt fram til kynningar.
- p. Bergrisinn: Leiðrétting á framlögum sveitarfélaga til Bergrisans vegna 2017.**  
Lagt fram til kynningar.
- q. Reiðhöllin Flúðum: Aðalfundur.**  
Lagt fram til kynningar.
- r. Stóra-Laxárdeild Veiðifélags Árnesinga: Ársreikningur 2017.**  
Lagt fram til kynningar.

**Fundir framundan:**

- s. Héraðsnefnd Árnesinga. Vorfundur 30. apríl n.k.**  
Lagt fram til kynningar.

**Skýrslur á skrifstofu:**

- t. HSK: Ársskýrsla 2017.**  
Lagt fram til kynningar.
- u. Árskýrsla Lánasjóðs sveitarfélaga 2017.**  
Lagt fram til kynningar.

Fleira ekki tekið fyrir, fundi slitið kl. 17:40.